

4. Við verklegt nám skal nemi að minnsta kosti starfa sem hér segir:
Að afgreiðslustörfum 9 mánuði; að glasabvotti, áfyllingum og birgðastörfum 2 mánuði; að afgreiðslu lyfseðla 9 mánuði og lyfjagerð 6 mánuði. Einnig skal neminn taka þátt í færslu fyrirskipaðra bóka eftir því sem við á.
5. Á námstímanum skal neminn færa námsferilsbók, sem viðkomandi lyfsali staðfestir með undirskrift sinni og gildir sem vottorð þess að neminn hafi hlotið tilskilda tilsögn í þeim greinum, sem tilgreindar eru í reglugerð um nám og starfsréttindi.
6. Nema ber að leggja fram læknisvottorð trúnaðarlæknis lyfsala vegna fjarvistar, ef þess er krafist. Nemi skal sækja að minnsta kosti 80% kennslustunda hins bóklega og verklega náms, nema sjúkdómsforföll hamli. Styttri sjúkdómsforföll skal telja með námstíma, þó ekki lengri en 30 daga hvert námsár. Sumarleyfi skulu vera í samræmi við lög um orlof.
7. Laun nema skulu fyrsta árið vera 50% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks í lyfjabúðum, skv. 2. lið 1. gr. samnings Apótekarafélags Íslands við Landsamband íslenzkra verzlunarmanna; annað árið 60% og þriðja árið 75%.
8. Fyrstu sex mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími og getur hvor aðili um sig sagt upp námssamningi með 7 daga fyrirvara.
9. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Samningur þessi gildir frá til

Reykjavík 19

F. h. Lyfjatæknaskóla Íslands

.....
Skólastjóri.

.....
Nemi.

.....
Lyfsali.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Suðureyri, Súgandafirði.

1. gr.

Sveitarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Suðureyrarkaup-
tún. Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og haldi við sinni heimæð. Regn-
vatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn til-
tekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 5 000.00 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað

því viðkomandi. Uppdráttur skal gerður af pípulagningamanni eða öðrum sérfróðum mönnum.

Aðeins pípulagningamanni eða öðrum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, skal heimilt að leggja holræsalagnir.

Engar lagnir má hylja fyrr en byggingafulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Sveitarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innanhúss og utan.

Þeir einir, sem sveitarstjórn löggildir til holræsalagningar skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá holræsum, sem standa í sambandi við holræsaakerfi staðarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það reiknast á hverjum tíma, þó aldrei minna en kr. 1 200.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati enda sé skóplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsaakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildir, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrarkauptúni nr. 156 20. nóvember 1946 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.